

## LÖG

### um breytingu á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2008.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. másl. 3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Alþingi kýs sjö fulltrúa til setu í Þróunarsamvinnunefnd til fjögurra ára í senn og sjö fulltrúa til vara, sbr. 4. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 21. október 2008.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.*